föður síns, en sem sterklega föðurbetrungs.
Ég sendi þér og að gamni mína dönsku þýðing af Njálu, að hún er á dönsku talin[?] þú vegi móti því að hún er gefin út af M. P. Hann beiddi mig áður en hann dó að annast nýja útg. af Ísl. Sögl.[?], og það hefi ég gjört. Ég sendi þér þar með nokkuð[?] sem ég um daginn hripaði[?] upp um aldr Njálu og sem mér þykir gaman að bera undir þig. Jón Sig. er mér samdóma í því, að Njála sé ekki gömul saga frá síðustu[?] dögum Sturlu lögmanns eða þar á borð við. Hér við[?] ég og að geta þess, að nú hefi ég átt kollgátuna með staðinn í Sturl. 2. 38. Ég hefi nú vandlega rannsakað handrit sögunnar. Í kap. stendr: í annari skinnbók sögunnar, Ölvirgis[?] eins og ég hafði áður getið til og skrifað upp um vorið 1861, og sem ég einhverntíma nefndi við þig í Bauhastings[?], en þar höfðum við ekki Sturlungu og heldr ekki hafði ég minnis seðil sem, til hér annari[?] Sturlungu minni.
Þar með fellr þá um koll öll setning P. E. Müllers um aldr í Íslendingasögum, og er það eingaungu byggt á ritvillu á annari skinnbók Sturlungu,